



## Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 97. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, miðvikudaginn 22. september 2021, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,  
Sandra Brá Jóhannsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, aðalfulltrúi Ásahrepps,  
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,  
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,  
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,  
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,  
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar,  
Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur.

### 1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður fór yfir mál af vettvangi stjórnar VJÞ

*Haldnir hafa verið fjórir fundir í stjórn síðan þessi liður var síðast á dagskrá. Formaður fór yfir það helsta sem fram kom á vettvangi stjórnar.*

### 2. Stjórnunar- og verndaráætlun 3. útgáfa - Umsagnarferli - 2105079

Innsendar athugasemdir vegna 3.útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar VJÞ.

#### Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir - 00:00

*Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir verkefnisstjóri endurskoðunarinnar kynnti stöðuna á verkefninu og fór yfir nokkur lykilatriði. 44 umsagnir bárust. Fundað er með ýmsum aðilum í úrvinnslu umsagna. Næstu skref eru að svæðisráð taka tillöguna til umfjöllunar og svo fer hún fyrir stjórn til samþykktar í framhaldinu. Stefnt á að svæðisráð vestursvæðis kynni sér umsagnirnar í framhaldi þessa fundar og taki hana fyrir á fundi sínum 6.okt. nk. Athugasemdum og fyrirspurnum í aðdraganda fundar má beina til Jóhönnu Katrínar, nauðsynlegt að þær berist fyrir 1.okt.*

### 3. Gestastofa VJÞ við Kirkjubæjarklaustur - 1805024

Fréttir af byggingaframkvæmdum við Sönghól. Byggingaverktakinn, Húsheild ehf, er að koma sér fyrir á byggingarsvæðinu og framkvæmdir að hefjast.

### 4. Ásahreppur - Aðalskipulag - Umsögn - 2020-2032 - 2106059

Kynning á umsögn vegna aðalskipulags.

*Ingibjörg Eiríksdóttir gerir athugasemd við að drög að umsögn hafi ekki komið fyrir svæðisráð og óskar bókunar: Undirrituð undrast það að sjá að umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs um tillögu að endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032 hafi verið send inn þann 24. ágúst sl., án samráðs við svæðisráð Vestursvæðis. Áður hafa sambærileg skrif verið borin undir það.*

Síðan 28. apríl sl. hafa ekki verið haldnir fundir hjá ráðinu, þ.e. ekkert efni var sagt liggja fyrir. Skýtur það skökku við í ljósi framanritaðs.

Tillögu að aðalskipulagi Ásahrepps er að mati undirritaðrar sitthvað um að segja, sem rík ástæða hefði verið til að ræða á fundi. Þar á meðal varðandi eftirfarandi þætti:

Mannhverfa stefnu, réttaráhrif stjórnunar- og verndaráætlunar (s&v)

Vatnajökulspjóðgarðs, upplýsingar um stærð þjóðgarðsins, grundvöll friðlýsingar hans, vísun í rétt s&v skjal (nefnt í umsögn VJP við lýsingu ASK í apríl, en ekki leiðrétt), ástæðu til hverfisverndar (e. „buffer“) meðfram þjóðgarðsmörkum, mikilvægi verndar landslags og víðerna, vegamál, ágengar framandi tegundir, efnistökusvæði, göngu- og hjólaleiðir, stýringu ferðamanna á víðernum og polmörk.

Vísað er til [athugasemda Náttúruverndarsamtaka Suðurlands](#) þessu til frekari glöggvunar og áréttingar.

Ingibjörg Eiríksdóttir

fulltrúi umhverfisverndarsamtaka í svæðisráði Vestursvæðis

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur VJP, bendir á að aðkoma þjóðgarðsins að aðalskipulagsmálum sveitarfélaga sé í gegnum Stjórnunar- og verndaráætlun og yfirferð Vatnajökulspjóðgarðs á tillögu að aðalskipulagi snúi að samræmi þar á milli.

#### 5. Tillaga að stækkun þjóðgarðsins - Skaftárhreppur - 2021 - 2108074

Tillaga að stækkun Vatnajökulspjóðgarðs í Skaftárhreppi, staða mála.

Hugmyndir að mögulegri stækkun kynntar. Ekkert varð af stækkun þjóðgarðsins í sveitarfélaginu að svo stöddu.

#### 6. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Umfjöllun um alvarlegan utanvegaakstur í Vonarskarði í ágúst síðastliðnum.

Þjóðgarðsvörður greindi frá umfangi skemmda og verkferlum í framhaldinu.

#### 7. Tillaga að stækkun þjóðgarðsins - Þingeyjarsveit - 2021 - 2108018

Tillaga að stækkun Vatnajökulspjóðgarðs í Þingeyjarsveit, staða mála.

Árni Pétur Hilmarsson kynnti stöðuna í stækkunarmálum norðursvæðis.

**Fundargerð ritaði:** Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 15:00.